

Júní 2024

FRÉTTABRÉF EFSTAHJALLA



Takk fyrir veturinn!

Við í Efstahjalla þökkum ykkur kærlega fyrir skólaárið 2023-2024!

Árið var fullt af leik, lærdóm og gleði. Það var virkilega ánægjulegt að eiga stundir með ykkur foreldrum fyrir jólin, á bóndadegi og á konudegi. Og nú síðast á sumarhátíð foreldrafélagsins.

Breytingar á deildum

Næsta haust verða þær breytingar gerðar að Undraland, Hálsaskógur og Ólátagarður verða yngri barna deildir, eða börn á aldrinum 1 - 3 ára. Kattholt og Sjónarhóll verða eldri barna deildir eða börn á aldrinum 3 - 5 ára.

Þau börn sem eru á Undralandi og Hálsaskógi verða þar áfram næsta vetur en börnin á Ólátagarði fara ýmist á Kattholt eða Sjónarhól. Foreldrar hafa fengið póst um á hvaða deild þeirra barn verður.

Með þessum breytingum stefnum við m.a. á meiri stöðugleika fyrir börnin, aukið félagaval og meiri samfellu í námi.

Að auki verður dagskipulagið samræmt milli deilda sem eru með sama aldursbili. Þá verður samstarf milli deildanna aukið. Til að mynda munu Sjónarhóll og Kattholt vera með opið flæði á hverjum degi. Þar sem Undraland, Hálsaskógur og Ólátagarður eru með breytt aldursbil verða deildirnar í samstarfi með hvern aldurshóp.

Farið verður nánar yfir þetta fyrirkomulag á kynningarfundum í haust.



Sumarlokun

Sumarlokun í leikskólum Kópavogs er frá 10. júlí til og með 7. ágúst 2024.

Leikskólarnir loka kl: 13:00, þriðjudaginn 9. júlí og opna kl: 13:00, fimmtudaginn 8. ágúst vegna frágangs og undirbúnings.

Útskrift elstu barna

Útskrift elstu barnanna fór fram í Álfhólsskóla þann 24. maí sl. Börnin sungu nokkur lög fyrir gesti og fengu afhent viðurkenningarskjal og blóm.

Athöfnin var hin hátíðlegasta og fögnuðu mömmur, pabbar, afar, ömmur og aðrir ættingjar með börnunum.